Fiat
frá sama framleiðanda og Ferrari



Punto
– litli ítalinn
Fiat Punto er frábær smábíll sem er rúmgóður að innan og skartar fallegri ítalskri hönnun.
• sex líknarbelgir
• abs með neyðarhemlunaraðstoð
• 8 ára ryðvarnarábyrgð
• rafdrifnar rúður
Verð frá kr. 1.290.000



Stilo
– ein ferð er ekki nóg
Fiat Stilo er mjög vel útbúinn og vandaður fjölskyldubíll sem hefur alla þá eiginleika sem þú ert að leita að.
• sex líknarbelgir
• abs með neyðarhemlunaraðstoð
• 12 ára ryðvarnarábyrgð
• rafdrifnar rúður
Verð frá kr. 1.690.000



Stilo
– ein ferð er ekki nóg
Þriggja dyra útgáfa Fiat Stilo er einn allra fallegasti og sportlegasti bíll sem til er. Ítölsk hönnun upp á sitt besta og Ferrari skildleikinn skín í gegn.
• sex líknarbelgir
• frábær hönnun
• 12 ára ryðvarnarábyrgð
• litli bróðir Ferrari
Verð frá kr. 1.650.000



Multipla
– þú verður að sjá til að trúa
Fiat Multipla er vinsælasti bíllinn hjá börnunum. Allir hafa sitt eigið sæti og frábært útsýni er út um stórar rúður. Þennan verður þú að sjá að innan.
• sex sæti
• ótrúlegt rými
• frábær ferðabíll
• verðlaunuð hönnun
Verð frá kr. 1.990.000

Reynsluaktu Fiat strax í dag

FIAT
Smiðsbúð 2 • Garðabæ
Sími 5 400 800 • www.fiat.is

FERRÓ AUGLÝSINGASTOFA

Hljóðlátir ungir myndlistarmenn

Hópur ungra myndlistarmanna, bæði íslenskra og erlendra, sýnir verk sín þessa dagana bæði á Kjarvalsstöðum og í Ásmundarsal. Þeir segjast ekki finna þörf hjá sér til að hrópa og kasta sprengjum.

MYNDLIST „Sýningin í ASÍ er eiginlega bara hvískur. Maður þarf að gefa sér góðan tíma þar," segir Birgir Snæbjörn Birgisson myndlistarmaður. „Ég hef aldrei sett upp sýningu sem er jafn lágstemmd í samræðu."

Hann er þarna að tala um samsýningu breskra og íslenskra myndlistarmanna, sem hafa haldið samtals fimm sýningar saman á síðustu tveimur eða þremur árum undir heitinu „then", eða „þá". Fyrstu þrjár sýningarnar voru erlendis, en tvær standa nú yfir hér á landi, önnur á Kjarvalsstöðum en hin í Listasafni ASÍ í Ásmundarsal við Freyjugötu.

„Einhverjum kann að finnast þetta hroki, en okkur fannst mjög skemmtilegt að fá þetta tækifæri til að geta verið með tvær sýningar og haft þær svolítið ólíkar. Sýningin á Kjarvalsstöðum er meira stíluð upp á það að sýna það sem við höfum gert til þessa. Þar erum við með klassíska samsýningu, líf og skemmtilegheit þar sem öllu ægir saman. Svo sýnum við nýjustu verkin okkar í ASÍ, þar sem við horfum frekar inn á við og höfum lækkað mjög styrkinn í sýningunni."

Ásamt Birgi eru Miles Henderson Smith, Andrew Child, Gísli Bergmann, Tom Merry og Stefan Bottenberg í þessum hópi ungra myndlistarmanna sem fara svolítið ótroðnar slóðir.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BIRGIR SNÆBJÖRN BIRGISSON
„Ég hef líka alltaf sagt um verkin mín að ég sé að hvísla í þeim."

„Hljóðlát og tilfinningarík" eru orðin sem Birgir notar um sýninguna í Listasafni ASÍ. „Það er eins og nú sé ríkjandi tilhneiging til þess í myndlist að þurfa ekki að hrópa og öskra og kasta sprengjum. Nóg sé að tala blíðlega. Þannig geti maður kannski náð jafn góðu sambandi við áhorfandann."

Hann segir markmiðið með sýningunni einmitt vera að hefja samtal við áhorfandann. „Þegar maður hittir einhvern í fyrsta sinn byrjar maður gjarnan á rólegu nótunum."

Birgir er enn fremur einn þriggja frummælenda á málþingi um stöðu myndlistarinnar sem haldið verður á Kjarvalsstöðum í kvöld. Tveir aðrir myndlistarmenn, Hlynur Hallsson og Ragna Sigurðardóttir, taka einnig til máls.

Birgir segist einkum ætla að ræða um sýningarnar tvær á Kjarvalsstöðum og í Ásmundarsal. „Þetta málþing er skipulagt af Listasafni Reykjavíkur. Það er ábyggilega ekki alveg tilviljun að það lendir á sama tíma og þessar tvær sýningar okkar," segir Birgir.

„Þarna verður meðal annars spurt hvort nú sé ákveðin tilhneiging í myndlistinni að nota hefðbundna miðla og eitthvað sem hægt er að handfjatla. Þetta fellur mjög vel að sýningunum okkar."

gudsteinn@frettabladid.is

hvað? hvar? hvenær?

ÞRIÐJUDAGUR 11. FEBRÚAR

FUNDIR

12.15 Á vegum lagadeildar Háskóla Íslands og Orators, félags laganema, verður haldin **málstofa um dóm Hæstaréttar í máli ákæruvaldsins gegn Árna Johnsen** o.fl. í stofu L-101 í Lögbergi, húsi lagadeildar. Málshefjendur verða Jónatan Þórmundsson og Róbert R. Spanó.

15.30 Fyrsti **ársfundur Viðskipta- og hagfræðideildar** Háskóla Íslands verður haldinn í hátíðarsal Háskóla Íslands. Meðal annars flytur Agnes Bragadóttir blaðamaður erindi sem nefnist **Fer viðskiptasiðferði hrakandi?**

20.00 Fræðslunefnd **Náttúrulækningafélags Íslands** heldur málþing að Hótel Loftleiðum. Málþingið ber yfirskriftina „**Lífsgleði**" . Frummælendur eru Anna Valdimarsdóttir sálfræðingur, Helga Soffía Konráðsdóttir prestur, Karl Ágúst Úlfsson leikari, Bridget Ýr McEvoy, verkefnisstjóri í hjúkrun HNLFÍ, og Vilborg Traustadóttir, formaður MS-félags Íslands.

20.00 Myndlistarmennirnir **Birgir Snæbjörn Birgisson**, **Hlynur Hallsson** og **Ragna Sigurðardóttir** flytja erindi á málþingi um stöðu myndlistar á nýrri öld á Kjarvalsstöðum.

TÓNLEIKAR

12.15 **Hulda Björk Garðarsdóttir** sópran, **Sesselja Kristjánsdóttir** mezzósópran og **Iwona Ösp Jagla** píanóleikari flytja dúetta fyrir sópran og mezzósópran í Hádegistónleikaröð Íslensku óperunnar.

LEIKLESTUR



20.00 Leikrit Sigurðar Pálssonar, **Undir Suðvesturhimni**, verður leiklesið í húsnæði leiklistardeildar **Listaháskóla Íslands** að Sölvhólsgötu 13. Flytjendur eru nemendur leiklistardeildar ásamt atvinnuleikurum. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

SÝNINGAR

Landssamband hugvitsmanna sýnir í **Hönnunarsafni Íslands** við Garðatorg í Garðabæ ýmislegt af því sem Íslendingar hafa fundið upp og komið á markað hérlendis og erlendis.

Haukur Helgason, áhugaljósmyndari í 50 ár, opnar **ljósmyndasýningu** á nokkrum mynda sinna frá síldveiðum áranna 1953-57 á veitingahúsinu Kænunni við Hafnarfjarðarhöfn.

Sýning á **frönskum og belgískum teiknimyndum** frá upphafi til samtímans stendur yfir í listasafni Kópavogs, **Gerðarsafni**.

Í **Ásmundarsal** við Freyjugötu stendur nú yfir alþjóðlega samsýningin **then ...hluti 5**. Þar sýna þeir eru Birgir Snæbjörn Birgisson, Miles Henderson Smith, Andrew Child, Gísli Bergmann, Tom Merry og Stefan Bottenberg en sami hópur er einnig með sýningu á Kjarvalsstöðum um þessar mundir. Sýningin er opin til 16. febrúar, alla daga nema mánudaga, milli 13 og 17.

Elísabet Ýr Sigurðardóttir sýnir olíumálverk á striga í Blómaverkstæði Betu, Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði, frá 6. febrúar til 6. mars 2003

Tilfinningar heitir myndlistarsýning **Freygerðar Dönu Kristjánsdóttur** á Te og Kaffi, Laugavegi 27, Reykjavík. Sýningin stendur út febrúarmánuð.

Á mörkum málverksins er sameiginleg yfirskrift þriggja sýninga í Listasafni Íslands. **Ragna Róbertsdóttir** sýnir verk úr

